

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. september 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.55 og lauk kl.18.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Hildur Vilhelmsdóttir. Forföll: Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson og Aðalbjörg Óladóttir.

Dagskrá:

- 1. Stjórnarfundir ÍBH september – desember 2023**
Samþykkt að halda stjórnarfundum ÍBH, 6. september, 4. október, 1. nóvember og 1. desember og hefjast þeir allir kl. 16.30.
- 2. Haustfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun 2023**
Boðið er upp á 1., 2. og 3. stig og hefst það 25. september nk. Allar upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að kynna þjálfaramenntun ÍSÍ fyrir sínum þjálfurum og hvetja þá sem þurfa til þátttöku.
- 3. Tilkynning um framboð til formanns, stjórnar og / eða varastjórnar UMFÍ**
Bréf dagsett 4. september sl. frá UMFÍ lagt fram til kynningar og umræðna.
- 4. Nýjar iðkendatölur frá árinu 2022 úr Sportabler til að skipta lottótækjum milli aðildarfélaganna ÍBH**
Lagðar fram iðkendatölur frá öllum 25 aðildarfélögum ÍBH samtals 14612 iðkanir frá árinu 2022 starfsskýrsla ÍSÍ 2023. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að setja nýjar tölur inn til skiptingar á lottótækjum milli aðildarfélaganna ÍBH.
- 5. Íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2023**
Upplýsingar frá ÍSÍ lagðar fram til kynningar. Stjórn ÍBH hvetur aðildarfélögin til þátttöku og að kynna starfið fyrir Hafnfirðingum og öðrum gestum. Stefnt er að því að halda a.m.k. einn sameiginlegann fræðslufyrirlestur sem verður opinn öllum.
- 6. Leiðrétting á rekstrarstyrkjum vegna íþróttamannvirkja 2023**
Afgreiðsla bæjarráðs 3632: 2306601 lögð fram til kynningar og umræðna.
- 7. Umsókn um mótahald UMFÍ 2025**
Bréf frá UMFÍ 14. ágúst sl. lagt fram til kynningar.
- 8. Formannafundur ÍSÍ 2023**
Fer fram föstudaginn 24. nóvember nk. á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt að varaformaður og framkvæmdastjóri taki þátt í fundinum fyrir hönd ÍBH.

9. Fyrri þingboð – sambandsþing UMFÍ 2023

53. sambandsþing UMFÍ verður haldið á hóteli Geysi í Haukadali dagana 20. – 22. október nk. ÍBH hefur rétt til að senda 11 fulltrúa á þingið.

10. Ungmennaráðstefna UMFÍ 22. – 24. september 2023

Bréf frá UMFÍ dagsett 22. ágúst sl. lagt fram til kynningar.

11. Íþróttasjóður – Rannís

Vakin athygli á því að umsóknarfrestur í sjóðinn er 2. október nk. kl. 15.00.

Öll aðildarfélög ÍBH eru hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um eftir þörfum.

12. Samþykktir Íþróttapings 2023 – Þingskjal 10

Lagt fram til kynningar og umræðna.

13. Samþykktir Íþróttapings 2023 – Þingskjal 13

Lagt fram til kynningar og umræðna.

14. Skoðunarferð innan Erasmusverkefna

Hugmyndir ræddar og framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið áfram, umsóknarfrestur til Rannís er 4. október nk.

15. Önnur mál

a). AKA greindi frá stöðu aðstöðumála hjá Brettafélagi Hafnarfjarðar.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.